

14. apríl 2026

HUGVIT TIL HAGSÆLDAR: UMFANG OG ÁHRIF TÆKNI- OG HUGVERKAIÐNAÐAR Á ÍSLANDI

Tækni- og hugverkaiðnaður er öflug og fjölbreytt atvinnugrein og ein af megin undirstöðum hagsældar landsmanna. Verðmætasköpun greinarinnar þ.e. samtala launakostnaðar og hagnaðar í greininni nam ríflega 440 milljörðum króna á síðasta ári. Útflutningstekjur greinarinnar námu 369 milljörðum króna á því ári eða um 19% af heildar útflutningstekjum Íslands sem er meira en sjávarútvegurinn skilaði það ár. Velta greinarinnar nam nær 700 milljörðum króna sem er tæplega 10% af veltu viðskiptahagkerfisins. Um helmingur af veltu greinarinnar eru útflutningstekjur. Í greininni störfuðu í fyrra ríflega 18 þúsund manns. Skattspor greinarinnar var 186 milljarðar króna árið 2024.




Raunverulegt umfang tækni- og hugverkaiðnaðar er meira en ofangreindar tölur segja til um. Virðisikeðja greinarinnar teygir anga sína langt út fyrir hina eiginlegu starfsemi fyrirtækjanna sem starfa í greininni. Þau kaupa fjölbreytt aðföng og þjónustu af ótal aðilum úr öðrum geirum atvinnulífsins. Ávinningurinn af starfsemi greinarinnar margfaldast þannig og dreifist um allt samfélagið, landsmönnum til heilla.

ÚTFLUTNINGSTEKJUR HAFA ÁTTFALDAST SÍÐAN 2008

Útflutningstekjur tækni- og hugverkaiðnaðar hafa vaxið hratt hér á landi á síðustu árum. Þær námu 369 milljörðum króna árið 2025, sem er áttföldun frá árinu 2008. Tækni- og hugverkaiðnaður er ein af fjórum stoðum útflutnings á Íslandi, en útflutningstekjur greinarinnar námu 19% af heildarútflutningstekjum Íslands á síðasta ári. Á síðasta ári voru útflutningstekjur greinarinnar í

Útflutningstekjur tækni- og hugverkaiðnaðar

Milljarðar króna



fyrsta sinn hærrí en útflutningstekjur sjávarútvegs. Aukinn útflutningur greinarinnar felur í sér aukna verðmætasköpun, fjölgun vel launaðra starfa, aukinn fjölbreytileika í útflutningstekjum hagkerfisins og þar með aukinn efnahagslegan stöðugleika.

Tækni- og hugverkaiðnaður er atvinnugrein sem byggir á fjárfestingum í nýsköpun, oft studd af umfangsmiklu rannsóknar- og þróunarstarfi. Undir greinina falla meðal annars fyrirtæki í upplýsingatækni, gagnaversiðnaði og fjarskiptum, tölvuleikjagerð, auk lyfjaframleiðslu, líf- og heilbrigðistækni og annars hátækniidnaðar. Vöxtur tækni- og hugverkaiðnaðar á síðustu árum hefur aukið fjölbreytni í útflutningi og þannig rennt stoðum undir aukinn stöðugleika í hagkerfinu. Mörg verðmætustu fyrirtækin í íslensku Kauphöllinni eru fyrirtæki innan þessarar greinar. Þar má nefna JBT Marel og Alvotech, sem hafa verið byggð frá grunni á Íslandi, auk annarra öflugra fyrirtækja með rætur hér á landi eins og Emblu Medical, Kerecis, Nox Medical og CCP.

Lyfjaframleiðsla
Líf- og heilbrigðistækni
Fjarskipti og gagnaver
Upplýsingatækni
Tölvuleikjagerð
Hátækni
Menntatækni



Fjárfesting í rannsóknum og þróun (R&P) er undirstaða tækni- og hugverkaiðnaðar en hugvit og sérhæfður mannauður eru helstu auðlindir greinarinnar. Með því að hlúa að þessum drifkröftum má leggja traustan grunn að bættum lífskjörum og sjálfbærum hagvexti til framtíðar.

96% SKATTAHVATA VEGNA R&P FARA TIL TÆKNI- OG HUGVERKAIÐNAÐAR

Um 96% af skattahvötum vegna R&P fara til fyrirtækja í tækni- og hugverkaiðnaði. Skattahvatar vegna R&P eru öflugasta tólið í verkfærakistu ríkisins til að stuðla að vexti tækni- og hugverkaiðnaðar. Skattahvatar vegna R&P hafa leitt til þess að fyrirtæki í greininni hafa sett aukið fjármagn í rannsóknir og þróun, háframleiðnistörfum hefur fjölgað og útflutningur hefur aukist.

Fjárfestingar í R&P

Hlutfall af landsframleiðslu, %



Í skýrslu OECD um íslenskt efnahagslíf, sem kom út haustið 2023, kemur fram að aukning skattahvata vegna R&P hafi haft jákvæð áhrif á fjárfestingar fyrirtækja í R&P hér á landi, á umfang og afkomu fyrirtækja og leitt til fjölgunar verðmætra starfa. Að mati OECD er þetta jákvæð þróun, þar sem hagsæld þjóða til lengri tíma helst í hendur við fjárfestingu í R&P.

Fjárfestingar í R&P hafa aukist mikið hér á landi á síðustu árum og eru nú, sem hlutfall af landsframleiðslu, yfir meðaltali ESB-ríkja en hins vegar lægri en í Bandaríkjunum. Uppskeran af fjárfestingum síðustu 15 ára í R&P hefur komið ríkulega fram í vexti hugverkaiðnaðarins, aukinni framleiðni, fjölgun vel launaðra starfa og hagvexti á síðustu árum.

Auknar fjárfestingar í R&P sem hlutfall af landsframleiðslu hér á landi á síðustu árum má rekja til þess að fyrirtæki hafa aukið við sitt framlag. Hlutfall fyrirtækja í heildarfjárfestingum í R&P hefur

aldrei verið hærra frá því að Hagstofa Íslands hóf mælingar á þessum þætti árið 2014, en það nemur nú 75% af heildarfjárfestingu í R&B. Þetta hlutfall er hærra en í ríkjum ESB að jafnaði, en þar er það 67%, þótt það sé lægra en í Bandaríkjunum þar sem það er 78%.


Samtök iðnaðarins (SI) hafa lagt áherslu á að skattahvatar vegna R&B verði festir í sessi og að fyrirkomulagið verði fyrirsjáanlegt. Þannig skapast hvati til aukinna fjárfestinga í R&B, en með því að festa hvatana í sessi geta fyrirtækin gert langtímaáætlanir auk þess sem trúverðugleiki og stöðugleiki gagnvart fjárfestum eykst. Hvatarnir eru eitt helsta tæki stjórnvalda til þess að auka fjárfestingar í R&B upp í 3,5% af vergri landsframleiðslu, en það markmið hefur komið skýrt fram í stefnu stjórnvalda.

GREININ BYGGIR Á MANNAUÐI OG SKAPAR FJÖLDA VEL LAUNAÐRA STARFA

Hugvit og sérhæfður mannauður eru helstu auðlindir nýsköpunar og tækni- og hugverkaiðnaðar. Í greininni störfuðu ríflega 18 þúsund í fyrra, sem er 8% af heildarfjölda starfandi á íslenskum vinnumarkaði.

Framleiðni er almennt meiri í tækni- og hugverkaiðnaði en gengur og gerist hagkerfinu. Það endurspeglast í því að laun í greininni eru að jafnaði hærri en í öðrum atvinnugreinum. Þetta sýnir að leiðin til að auka framleiðni í hagkerfinu í heild felst í vexti tækni- og hugverkaiðnaðar.


Hversu hátt hlutfall af öllu starfsfólki í fyrirtæki þínu í dag er háskólamenntað?



Fyrirtækin í hugverkaiðnaði byggja starfsemi sína að stórum hluta á sérfræðimenntuðu starfsfólki, sérstaklega í STEAM-greinum sem eru vísindi, tækni, verkfræði, listir og stærðfræði. Hlutfall háskólamenntaðs starfsfólks er mun hærra í greininni en í hagkerfinu almennt. Í könnun sem Gallup gerði meðal stjórnenda fyrirtækja í byrjun þessa árs kemur fram að í 68% fyrirtækja í tækni- og hugverkaiðnaði er hlutfall háskólamenntaðra 70% eða hærra. Til samanburðar eru einungis 22% fyrirtækja í viðskiptahagkerfinu með svo hátt hlutfall háskólamenntaðra.

Hlutfall fyrirtækja þar sem hlutfall háskólamenntaðra er 70% eða hærra


Niðurstöður könnunar Gallup



Í ofangreindri könnun kemur jafnframt fram að 32% stjórnenda í tækni- og hugverkaiðnaði segja að nú sé skortur á starfsfólki í sínu fyrirtæki. Þetta er hærra hlutfall en í viðskiptahagkerfinu almennt, en þar er hlutfallið 21%. Stjórnendur í greininni segja að helst skorti háskólamenntaða sérfræðinga.

Í könnuninni voru stjórnendurnir spurðir að því hvort þeir sæju fram á að fjölga eða fækka stöðugildum á næstu fimm árum. Af öllum greinum viðskiptahagkerfisins voru væntingar um fjölgun stöðugilda mestar í tækni- og hugverkaiðnaði. Alls sögðust 74% stjórnenda í þeirri grein sjá fram á að fjölga stöðugildum á næstu fimm árum, en í viðskiptahagkerfinu er þetta hlutfall 47%. Einnig telja 35% stjórnenda í tækni- og hugverkaiðnaði að skortur á mannauði muni standa í vegi fyrir vexti fyrirtækja þeirra á næstu fimm árum. Þetta er talsvert hærra hlutfall en í viðskiptahagkerfinu, þar sem það er 25%.

Sérð þú fram á að fjölga eða fækka stöðugildum á næstu 5 árum?




Íslenska menntakerfið hefur ekki getað mætt færniþörf hugverkaiðnaðarins í þessum greinum. Til að brúa bilið treysta fyrirtæki í greininni á erlenda sérfræðinga. Ef litið er til framtíðar kemur fram í niðurstöðum könnunarinnar að 40% stjórnenda í greininni telja að íslenskt menntakerfi muni ná að mæta færniþörf fyrirtækja þeirra vel, litið til næstu fimm ára. Hins vegar segja 23% að íslenskt menntakerfi muni mæta þessum þörfum illa. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að aðgengi að erlendum sérfræðimenntuðum mannauði sé gott, jafnframt því sem innlent menntakerfi sé eftt á þessu sviði.

STÓRT SKATTSPOR

Á árinu 2024 nam heildarskattspor tækni- og hugverkaiðnaðarins 186 milljörðum króna og þröngt skattspor 93 milljörðum króna. Skattspor greinarinnar stækkaði á milli ára, en árið 2023 nam heildarskattspor greinarinnar 176 milljörðum króna og þröngt skilgreint skattspor 82 milljörðum króna á verðlagi árs 2024.

Skattspor tækni- og hugverkaiðnaðar

Milljarðar króna á verðlagi árs 2024



Hér er um að ræða umtalsverða fjárhæð sem greinin skilar til samfélagsins í formi skatta, enda er íslenskur iðnaður ein af undirstöðum íslensks efnahagslífs. Skattspor greinarinnar er stórt í samanburði við aðrar útflutningsgreinar, en til samanburðar nam vítt skilgreint skattspor ferðaþjónustunnar 190 milljörðum króna og þröngt skilgreint skattspor hennar 108 milljörðum króna árið 2024. Þröngt skilgreint skattspor fiskveiða og -vinnslu nam tæplega 80 milljörðum króna það ár.

Reykjavík Economics mat skattaleg áhrif iðnaðarins árið 2024 fyrir Samtök iðnaðarins. Metin voru bæði þröng og víð skattaleg áhrif. Skattaleg áhrif taka til allra skatta og gjalda sem fyrirtæki í iðnaðinum greiða á viðkomandi ári. Þröngt skattspor samanstendur af tekjuskatti fyrirtækja, tryggingagjaldi, tekjuskatti og útsvari launþega ásamt mótframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð og viðbótarlífeyrissparnað. Vítt skattspor er þröngt skattspor að viðbættum útskatti virðisaukaskatts og fasteignasköttum.